

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Eftirlitsgjald lífeyrissjóða (11. gr.).

Í 11. gr. frumvarpsins er m.a. lögð til breyting á eftirlitsgjaldi lífeyrissjóða þannig að þáttur fastagjalds í heildarálagningu lífeyrissjóða verði hækkaður úr 60% í 70%. Í umsögnum sem bárust nefndinni, m.a. frá Lífeyrissjóði bænda og Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands, er m.a. **gerð athugasemd við það fyrirkomulag að svo stórum hluta gjaldsins sé skipt jafnt á sjóðina**, enda feli fyrirkomulagið í sér að hlutfall fastagjaldsins af heildarálagningu er hærra hjá minni lífeyrissjóðum en þeim eignameiri. Meiri hlutinn telur að svo stöddu ekki forsendur fyrir því að þáttur fastagjalds í heildarálagningu lífeyrissjóða verði hækkaður með þeim hætti sem gert er ráð fyrir og leggur til breytingu þess efnis að hlutfall fastagjaldsins af heildarálagningu verði óbreytt, eða 60%.

Meiri hlutinn áréttar það sem fram kom í nefndaráliti meiri hluta þáverandi efnahags- og viðskiptanefndar við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021 (5. mál á 151. löggjafarþingi) um mikilvægi þess að fram fari endurskoðun á fyrirkomulagi eftirlitsgjalds með tilliti til þess að tryggja frekar jafnræði milli ólíkra lífeyrissjóða og sanngjarna skiptingu gjaldsins.

Ónákvæmni í meirihlutaáliti efnahags- og viðskiptanefndar um 11.gr., sbr. eftirfarandi:

Í álitinu segir:

Í umsögnum sem bárust nefndinni, m.a. frá Lífeyrissjóði bænda og Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands, er m.a. **gerð athugasemd við það fyrirkomulag að svo stórum hluta gjaldsins sé skipt jafnt á sjóðina**, enda feli fyrirkomulagið í sér að hlutfall fastagjaldsins af heildarálagningu er hærra hjá minni lífeyrissjóðum en þeim eignameiri.

Nákvæmara væri að fram komi:

Í umsögnum sem bárust nefndinni, m.a. frá Lífeyrissjóði bænda, Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og Festu lífeyrissjóði er lagt til að eftirlitsgjaldið verði alfarið innheimt sem hlutfall af hreinni eign sjóðanna (**p.e. sjóðirnir vilja fastagjaldið burt**), þó að lágmarki 1,2 m.kr., og verði reiknað **þannig með sama hætti og það er reiknað hjá öðrum eftirlitsskyldum aðilum**. Núverandi fyrirkomulag felur í sér að hlutfall fastagjaldsins af heildarálagningu er hærra hjá minni lífeyrissjóðum en þeim eignameiri.

„TILLAGA Seðlabanka Íslands-fjármálaeftirlits í frumvarpi um grundvöll eftirlitsgjalds hjá lífeyrissjóðum. sbr. 9.tl. 5.gr. laga nr. 99/1999, að hafa 70% af eftirlitsgjaldinu sem fastagjald hjá lífeyrissjóðunum í stað þess að reikna gjaldið sem hlutfall af eignum, samræmist ekki jafnræðisreglu og öðrum áskilnaði laga og stjórnarskrár um álagningu og jöfnun opinberra gjalda.“ „Skorað er á hið háa Alþingi að breyta umræddu ákvæði í jafnræðisátt svo ekki þurfi að reyna á lögmæti laganna fyrir dómstólum,“ segir í viðbótarumsögn LSB.

27. desember 2021

Ólafur K. Ólafsson, s. 893 0354

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda